

Forvarnardagurinn 28. september 2006

Álfgeir Logi Kristjánsson
alfgeir@ru.is

KTU PÁTT!
Hvert ár skiptir máli

Haldinn að frumkvæði forseta Íslands undir yfirskriftinni:

Taktu þátt! Hvert ár skiptir máli

Aðrir samstarfsaðilar:

- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Reykjavíkurborg
- Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands
- Háskóli Íslands
- Ungmennafélag Íslands
- Háskólinn í Reykjavík
- Bandalag íslenskra skáta
- Actavis

KTU PÁTT!
Hvert ár skiptir máli


Markmið forvarnardagsins

- Að koma á framfæri niðurstöðum úr rannsóknum um hvaða þættir hafi mest áhrif til að forða börnum og ungmennum frá fíkniefnum.
- Að virkja fjölskyldur, skóla og íþrótt- og æskulýðssamtök til að standa saman að árangursríkum forvörnum.
- Að heyra raddir ungmenna og fræðast um viðhorf og gildismat þeirra varðandi;
 - skaðsemi fíkniefna
 - hvernig best er að standa að forvörnum
 - samverutíma fjölskyldunnar
 - þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi

KTU PÁTT!
Hvert ár skiptir máli


Hvert ár skiptir máli...

- ..ungmennin voru sammála um að hollt væri að fresta því að smakka áfengi- að hvert ár skiptir máli
- ..að áfengisneysla ungmenna sé slæm fyrir andlegan og líkamlegan þroska þeirra
- ..að afleiðingar áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu geti haft skaðleg áhrif á framtíð þeirra- skemmt framtíðardrauminn




Dæmi um svör ungmenna við spurningum um áhrif áfengisneyslu á þau

- „Skemmir fyrir þátttöku í íþróttum og einbeitingu og skólasókn, truflar námið og bara öll önnur störf“
- „Lífið getur orðið erfiðara og við misst tókin á því“
- „Áfengisneysla er ein af mörgum leiðum til að lenda í stysi“
- „Nærð engum markmiðum í lífinu“




Dæmi um svör ungmenna við spurningum um hvað hjálpar þeim að fresta áfengisneyslu- að hvert ár skipti máli

- „Foreldrar tali við mann“
- „Heimili, skóli og þeir sem vinna að íþrótt- og æskulyðsstarfi rífi ekki niður heldur byggja upp sjálfstraust krakka. Þá fá þeir sjálfstraust til að segja nei, gefur þeim styrk“
- „...að eiga góða vini“
- „Gera eitthvað skemmtilegt saman“




Niðurstöður um samverutíma með fjölskyldunni sýna..

- ..að flest ungmenni hafa áhuga á að eyða meiri tíma með fjölskyldum sínum
- ..að hefðbundnar samverustundir eins og að borða eða elda mat saman, fara í ferðalög, horfa á sjónvarp, kaupa ís, fara í göngutúr, tala saman, eða fara í bíltúr eru algengustu dæmin sem ungmennin nefna sem góðar samverustundir með fjölskyldum sínum




Dæmi um áhugaverðar tillögur ungmenna um aukinn samverutíma með fjölskyldum sínum

- „Vera jákvæð og segja ekki alltaf nei þegar stungið er upp á einhverju“
- „Taka rafstraum af heimilinu og kveikja á kertum, þá koma fjölskyldumeðlimirnir úr sínum skúmaskotum og eiga saman samverustund“
- „Foreldrar eiga ekki að horfa á fréttirnar þegar matartími er“
- „Ekki endalausr ræður, heldur venjuleg samtöl“
- „Við skorom á fjölskyldur að taka frá eitt chill kvöld í viku og vera saman“




Niðurstöður um íþrótta- og æskulýðsstarf sýna meðal annars..

- ..að flest ungmenni sýna því áhuga að taka þátt í skipulögðu íþrótta- og/eða æskulýðsstarfi
- ..að fjölbreytt framboð íþróttagreina og annars konar æskulýðsstarfs sé þeim mikilvægt svo að hver geti fundið eitthvað við sitt hæfi
- ..að gott aðgengi og samgönguþjónusta sé mikilvæg




Dæmi um áhugaverðar tillögur ungmenna til að auka megi þátttöku í íþrótta- og æskulýðsstarfi enn frekar

- „Skipuleggja æfingastarf fyrir krakka sem vilja stunda íþróttir án þess að taka þátt í keppnum, það hafa ekki allir áhuga á að keppa þó þeir vilji hreyfa sig“
- „Gera eitthvað sem þeim líkar og finnst skemmtilegt svo þeir missi ekki áhugann“
- „Strætisvagna sem stoppa hjá íþróttahúsum“
- „Að foreldrar og þjálfarar séu duglegir að hrósa krökkum fyrir að taka þátt“
- „Minna launin hjá þingmönnum og setja peningana í íþrótta- og fámætundastarf“




Niðurstöður sýna meðal annars...

- ..að þessi mál eru ungmennum hugleikin
- ..að þau hafa haldbæra þekkingu um skaðsemi fíkniefna
- ..að þau hafa sjálf margskonar áhugaverðar hugmyndir að leiðum til að fjölga samverustundum með fjölskyldunni og auka þátttöku í íþrótta- og æskulýðsstarfi



Samantekt

- Ungmenni vilja ekki nota fíkniefni
- Það er okkar ábyrgð að byggja þeim samfélag sem er þeim vinsamlegt
- Samkvæmt svörum þeirra sjálfra er fjölskyldan langmikilvægasta fyrirmyndin í lífi þeirra



Ályktun

- Því lengur sem unglingar sniðganga áfengi því ólíklegri er að þeir ánetjist fíkniefnum. Hvert ár skiptir máli
- Verjum sem mestum tíma saman. Klukkutíma samvera foreldra og barna á hverjum degi getur ráðið úrslitum
- Hvetjum börn og unglinga til þátttöku í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Okkar stuðningur skiptir sköpum

www.forvarnardagur.is



TAKTU ÞÁTT! HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Hugmyndir ungmenna um aukna samveru með fjölskyldu, hvernig hvetja megi til frekari þátttöku í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi og fresta því að hefja áfengisneyslu.